




Aðalskipulag Snæfellsbæjar, Rif. 1 : 10.000.

**Skipulagsskilmálar íbúðarhúsa á Rifi í Snæfellsbæ.**

Í Rifi í Snæfellsbæ er gert ráð fyrir uppbyggingu þyrpingar 8 einbýlishúsa í suð vestur jaðri þorpsins. Deiliskipulag er í samræmi við aðalskipulag af svæðinu. Lóðir eru um 1.400 til 1.800 m². Megin vatnslögn um Rif og Hellisstapa liggur um urpinguna og er undir gangstíg og leiksvæði til að tryggja aðgengi að henni.

Ekki er kunnugt um fornminjar á eða nærri byggingarreitum. Komi annað í ljós skal framfylgja 10. og 13. gr. þjóðminjalaga sem samþykkt voru á Alþingi hinn 20.05.2001.

**Byggingaskilmálar.**

Byggingarreitir eru 9 m frá austur og vestur lóðarmörkum og er byggingarreitum hliðrað til að tryggja að úr öllum húsum megi sjá Snæfellsjökul. Að norðan og sunnan eru byggingarreitir 6 m frá lóðarmörkum, nema að Stórhól er lengra að lóðarmörkum. Innan byggingarreita má reisa einnar hæðar einbýlishús allt 300 m². Vegna þess hvað lóðir eru stórar og byggingarreitir rúmir er ekki gert ráð fyrir neinum útbyggingum út fyrir byggingarreit nema skjæolveggjum við verandir sem verði í samræmi við byggingarreglugerð varðandi hæð og fjarlægð frá lóðamörkum.

Húsin verði með lítt hallandi þökum eða lágreistum risþökum með allt að 15° þakhalla. Hæsti punktur þaks verði ekki hærri en 4.5 m yfir aðalgólfi. Varðandi þakhæðir er miðað við hæð undir ystu klæðningu. Gólfkóti verði ekki ofar en 0.4 m yfir landi.

Gerð verði afstöðumynd, þegar fyrirhugað er að byggja á lóðum. Þar verði gerð grein fyrir staðsetningu bygginga innan byggingarreits, gróðri og minnst tveimur bílastæðum.

Deiliskipulag þetta er unnið á uppréttan loftmyndagrunn frá Ísgraf ehf og Loftmyndum ehf.

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð skv. lögum nr. 73/1997, var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar hinn 15.03.2007

SNÆFELLSBÆR BÆJARSTJÓRI

# Deiliskipulag íbúðarhúsa við Stórhól, Rifi, Snæfellsbæ.
# Mælikvarði 1 : 2.000 og 1 : 10.000

HÚS OG SKIPULAG ehf, BOLHOLTI 8, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 511 1099, husogskipulag@simnet.is
Hildigunnur Haraldsdóttir F.A.Í. kt.080654-4219
Dags. 18.10.2006.